

**Sp.**

**117. Fyrirspurnir.**

[99. mál]

- I. Til raforkuráðherra um ráðstafanir til þess að fyrirbyggja raforkuskort á Vestfjörðum.

Frá Steingrími Hermannssyni.

Hvaða ráðstafanir eru ráðgerðar til þess að koma í veg fyrir raforkuskort á Vestfjörðum í vetur?

- II. Til iðnaðarráðherra um hitaveituframkvæmdir í Hafnarfirði, Kópavogi og Garðahreppi á vegum Hitaveitu Reykjavíkur.

Frá Stefáni Gunnlaugssyni.

Hver er afstaða ríkisstjórnarinnar til óska Hitaveitu Reykjavíkur um gjaldskrárhækkanir, en ákveðin arðsemi af rekstri þess fyrirtækis er háð því, að framkvæmdahraði vegna lagningar hitaveitu á vegum Hitaveitu Reykjavíkur í Hafnarfjörð, Kópavog og sennilega einnig í Garðahrepp geti orðið svo sem gert er ráð fyrir í samningum?

- III. Til fjármálaráðherra um breytingar á skattalögum.

Frá Karli St. Guðnasyni.

- 1) Hefur ríkisstjórnin í hyggju að veita fólki, er starfar við fiskvinnslu, sérstaka skattalækkun?
- 2) Eru aðrar skattalækkanir fyrirhugaðar í því skyni að koma til móts við kröfur verkalýðssamtakanna í þessum efnum?